



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UPPÁHALDS WAGNER

6. JÚNÍ 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Fyrir hlé: 44'00"

Eftir hlé: 42'00"

BAKHJARLAR:



GAMMA

UPPÁHALDS WAGNER

TÓNLEIKAR Í ELDBORG FIMMTUDAGINN 6. JÚNÍ 2013 » 19:30

Petri Sakari hljómsveitarstjóri

Bjarni Thor Kristinsson einsöngvari

Richard Wagner

Tannhäuser (1845)

Forleikur að 1. þætti

Hollendingurinn fljúgandi (1843)

Aría Dalands „Mögst du, mein Kind“

Parsifal (1882)

Forleikur að 1. þætti

Töfrar föstudagsins langa

Hlé

Valkyrjan (1870)

Valkyrjureiðin

Ragnarök (1876)

Dagrenning –

Rínarferð Sigurðar Fáfnisbana

Tristan og Ísold (1865)

Forleikur að 1. þætti

Einræða Markes „Tatest du’s wirklich?“

Ástardauði Ísoldar

PETRI SAKARI

hljómsveitarstjóri



Finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari er fæddur í Helsinki og er einn þeirra hljómsveitarstjóra sem átt hafa hvað farsælast samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands undanfarna áratugi. Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar til náms við tónlistarháskólann í Tampere þar sem hann nam einnig píanó- og óbóleik. Sextán ára að aldri hóf hann nám í hljómsveitarstjórn og hlaut síðar inngöngu í Sibeliusar-akademíuna í Helsinki, þar sem kennari hans var Jorma Panula.

Að loknu námi þar sótti hann námskeið í hljómsveitarstjórn hjá Murray Sidlin í Aspen í Bandaríkjunum, Franco Ferrera í Siena á Ítalíu og Rafael Kubelik í Luzern í Sviss.

Sakari hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri. Á námsárum sínum stjórnaði hann meðal annars Sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusarakademíunni. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarps-hljómsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Árið 1988 tók Sakari við aðalhljómsveitarstjórastöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996-1998, en í millitíðinni var hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar.

Sakari hefur unnið með mörgum sinfóníuhljómsveitum í Evrópu eins og útvarpshljómsveitunum í Vín, Stuttgart, Saarbrücken og Madrid, Fílharmóníusveit BBC í Manchester, Þjóðarhljómsveitinni í Wales, Sinfóníuhljómsveit Prag og fílharmóníuhljómsveitunum í Lúxemborg og Strassborg. Sakari hefur einnig haldið um tónsprotann í Tókýó, Singapore, Mexico City og São Paulo.

Samstarf Sakaris og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur verið einstaklega farsælt og bera fjölmargir geisladiskar Chandos- og Naxos útgáfufyrirtækjanna því gott vitni. Sakari hefur einnig starfað sem aðalgestastjórnandi Sænsku kammersveitarinnar og verið aðalstjórnandi Lohjasinfóníunnar í Finnlandi, Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð og síðast Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi.



BJARNI THOR KRISTINSSON

einsöngvari

Bjarni Thor Kristinsson er hópi þeirra íslensku óperusöngvara sem náð hafa hvað lengst á erlendri grund. Hann hóf söngnám við Tónlistarskólann í Njarðvík hjá Ragnheiði Guðmundsdóttur og stundaði síðar söngnám með hléum í Tónskóla Sigursveins og Söngskólanum í Reykjavík. Haustið 1994 hélt Bjarni til frekara náms við óperudeild Tónlistarháskólans í Vínarborg og naut leiðsagnar Helene Karusso og Curt Malm. Vorið 1997 var Bjarni ráðinn aðalbassasöngvari Þjóðaróperunnar í Vín. Þar var hann fastráðinn til þriggja ára en hefur síðan starfað sjálfstætt.

Meðal helstu óperuhlutverka Bjarna má nefna: Barón Ochs í *Rósariddaranum*, Osmin í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, Pímen í *Boris Godunov*, Rocco í *Fídelíó*, John Falstaff í *Kátu konunum frá Windsor*, van Bett í *Keisara og smið*, að ógleymdum ýmsum hlutverkum í óperum Wagners: Wotan í *Rínargullinu*, Pogner í *Meistarasöngvurunum*, Daland í *Hollendingnum fljúgandi*, Hinrik konungi í *Lohengrin*, Gurnemanz í *Parsífal*, Hagen í *Ragnarökum* og risanum Fáfni í *Níflungahringnum*.

Bjarni hefur verið reglulegur gestur í Ríkisóperunni í Berlín auk þess að koma fram í óperuhúsum í Chicago, París, Fenyjum, Veróna, Flórens, Palermo, Róm, Lissabon, Tókýó, Sevilla, Barcelona, Hamborg, Dresden, München, Wiesbaden, Karlsruhe og Dortmund svo eitthvað sé nefnt.

Bjarni söng hlutverk Osmin í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* hjá Íslensku óperunni haustið 2006 og fékk Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, sem söngvari ársins fyrir hlutverkið.



UM EFNISKRÁ

Tónlist Richards Wagner (1813-1883) er um margt óvenjuleg í sögulegu samhengi, hún er stærri í sniðum en gengur og gerist og vísaði sannarlega veginn til nýrra tíma í listsköpun. Wagner umbylti óperuforminu. Hann þróaði nýtt listform, Gesamtkunstwerk eða heildarlistaverk þar sem höfundurinn skapar alla innviði verksins, söguþráð, tónlist, umgjörð og hvað eina sem lýtur að hinu fullmótaða verki.

Wagner var og er umdeildur. Hann var erfiður í skapi, sjálfhverfur og átti í illdeilum við marga samferðamenn sína. Hann var oftast en ekki stórskuldugur og þurfti tvívegis að flýja undan lánardrottnum sínum til þess að bjarga eigin skinni. En það eru ekki síst andgyðinglegar skoðanir hans og skrif sem valda deilum. Vegna þessara skoðana og dálætis nasista á Wagner og tónlist hans, er hún enn í dag bönnuð í nokkrum löndum og jafn umdeild og raun ber vitni.

Richard Wagner fæddist í Leipzig þann 22. maí árið 1813. Hann stundaði ungur að árum tónlistarnám í Leipzig og Dresden. Er Wagner stóð á tvítugu var hann ráðinn kórstjóri við leikhúsið í Würzburg þar sem honum gafst tækifæri á að æfa og kynna óperum helstu tónskálda samtímans, Rossini, Auber, Cherubini og fleiri. Ekki leið á löngu uns hann fór sjálfur að reyna sig við óperusmíðar. Fyrstu óperur hans má líta á sem æfingar fyrir það sem koma skyldi. *Die Feen* (Álfadísirnar, 1833) er í þýskum ævintýrastíl, *Das Liebesverbot* (Ástarbannið, 1836) undir ítölskum áhrifum en *Rienzi* (1840) er risavaxin að gerð og að mestu í Grand Opéra stíl.

Sögusvið óperunnar *Tannhäuser* (1845) eru miðaldir og fjallar óperan um samnefndan riddara sem drýgir þá dauðasynd að dýrka hina heiðnu Venus og dvelja í fjalli hennar. Er Tannhäuser snýr aftur til manna lætur hann ekkert uppi um hvar hann hafi verið. En hið sanna kemur í ljós þegar Tannhäuser tekur þátt í söngkeppni riddara og syngur heiðið ástarljóð. Riddararnir fordæma hann og vilja drepa en Tannhäuser

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Forleikurinn að *Tannhäuser* er nú fluttur í áttunda sinn af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Olav Kielland stýrði verkinu fyrst árið 1953 en síðan þá hafa þeir Wilhelm Schleuning (á tvennum tónleikum árið 1956), Karsten Andersen (1974), Páll P. Pálsson (1980), Ingólfur Guðbrandsson (1988) og Gregor Brühl (2003) stjórnað forleiknum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Óperan *Hollendingurinn fljúgandi* var flutt í heild sinni á tónleikum í Háskólabíói árið 1985 undir stjórn Klauspetar Seibel. Ariuna „Mögst du mein Kind“ söng Stefán Arngrímsson á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Grindavík árið 1994 undir stjórn Alvaro Manzano.

er þyrmt fyrir atbeina hinnar saklausu og hreinu Elísabetar sem biður honum griða. Forleikurinn að óperunni er glæsileg tónsmíð og er oftast en ekki leikin sem fyrsta verk á tónleikum. Forleikurinn byggir á stefjum sem síðar koma fyrir í verkinu. Fyrst ómar stefið úr hinum fræga *Pilgrímakór* en síðar stef sem lýsir iðrun Tannhäusers vegna gjörða sinna.

Hollendingurinn fljúgandi (1843) var tímamótaverk á ferli Wagners. Hann lýsir tilurð verksins í sjálfsævisögu sinni en innblástur fékk hann í sérlega dramatískri skipsferð sumarið 1839. Fræðimenn hafa síðar bent á að Wagner gæti vel hafa fært í stílinn í lýsingum sínum á skipsferðinni. Óperan fjallar um Hollending sem á hvílir sú bölvun að eigna um höfin og mega aðeins koma í land á sjö ára fresti. Finni hann konu sem elskar hann losnar hann úr álögunum og fær að deyja. Eftir stormasamt upphaf óperunnar stígur Hollendingurinn á land og er boðinn velkominn af norskum skipstjóra, Daland, sem kynnir hann fyrir dóttur sinni Sentu og syngur ariuna „Mögst du, mein Kind“. Senta verður strax hrifin af hinum ókunna gesti.

Bjarni Thor Kristinsson lýsir Daland á eftirfarandi hátt: „Skipstjórinn Daland heillast af auðæfum Hollendingins fljúgandi og er fljótur að bjóða fram dóttur sína þegar þessi sérkennilegi maður segist vera að leita sér að kvonfangi. Spurningin er hins vegar hvort Daland stjórnist eingöngu af græðgi eða hvort hann sé að hugsa um velferð dóttur sinnar þegar hann leggur sig allan fram við að koma þessu hjónabandi í kring.“

Óperunni lýkur á að Senta kastar sér í hafið til þess að losa Hollendinginn úr álögunum.

Parsifal (1882) er síðasta ópera Wagners og af mörgum talin hans besta verk, þó um það megi vissulega deila. Sagan byggir að einhverju leyti á kvæðinu *Parzival* eftir Wolfram von Eschenbach sem er frá upphafi 13. aldar og einnig á kvæðinu *Perceval* sem franska skáldið Chrétien de Troyes orti í lok 12.

aldar. Fyrstu drög að óperunni ná aftur til ársins 1865 og annan efnivið hennar má rekja enn lengra aftur í tímann. Því má segja að þessi svanasöngur Wagners eigi sér langan aðdraganda.

Sagan gerist á Spáni á miðöldum í ríki hins heilaga grals þar sem Amfortas ræður ríkjum. Amfortas fer fyrir riddarareglu sem hefur það hlutverk að gæta tveggja helgra hluta sem geymdir eru í kastala í Montsalvat; hins heilaga grals, bikarsins sem Kristur notaði við síðustu kvöldmáltíðina og blóði hans var safnað í er hann hékk á krossinum og heilögu spjóti sem veitti honum síðusárið. Ekki er rúm til að rekja nánar framvindu *Parsifal* hér en um efnið og hlutverk Gurnemanz segir Bjarni Thor: „Í óperunni *Parsifal* mætast trúarbrögð og náttúra á sérstakan hátt. Riddarinn Gurnemanz áttar sig á því að svartklæddi riddarinn sem birtist á föstudeginum langa er Parsifal með hið heilaga spjót. Gurnemanz smyr höfuð Parsifals og náttúran vaknar til lífsins. Hlutverk Gurnemanz er því trúarlegs eðlis og um leið mjög dramatískt.“

Valkyrjan er önnur í röð fjögurra ópera sem saman mynda *Niflungahringinn* sem hlýtur að teljast eitt mesta stórvirki tónlistarsögunnar. *Valkyrjan* var frumflutt árið 1870 en Wagner hófst handa við að semja óperuna mun fyrr. *Valkyrjureiðin* er hljómsveitarkafli í upphafi þriðja þáttar og er meðal þekktustu tónlistar Wagners. Hugmyndina að einkennisstefinu setti Wagner fyrst á blað árið 1851. Þremur árum síðar gerði hann nánari drög að *Valkyrjureiðinni* en óperan í heild sinni var tilbúin snemma árs 1856.

Ragnarök (1876) er síðasti hluti þeirra fjögurra ópera sem mynda *Niflungahringinn*. Við drepum niður í tvo hljómsveitarkafla úr fyrsta þætti óperunnar. Fyrst að lokinni nornasenu þar sem Wagner lýsir dagrenningu í tónum og síðan ferð Sigurðar Fáfnisbana (Siegfried) niður Rínarfljót. Í þessum stuttu hljómsveitarmilliköflum heyrast glöggt hversu vel Wagner ferst úr hendi að mála stórar myndir í tónum þótt orðunum sleppi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Þriðji þáttur *Parsifal* var fluttur í heild sinni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói árið 2006 undir stjórn Johannesar Fritzsches. Meðal einsöngvara voru Wolfgang Schöne, Kristinn Sigmundsson og Kolbeinn J. Ketilsson.

Það tók Wagner rétt um aldarfjórðung að ljúka við *Niflunga-hringinn*. Hann tók sér þó tíma til að sinna öðrum verkum og snemma árs 1857 gerði hann hlé á vinnu við *Siegfried* og hófst handa við óperuna um elskendurna Tristan og Ísold (1865).

Sagan segir að innblástur að verkinu, um elskendur sem fyrirmunað er að eigast, hafi Wagner að einhverju leyti byggt á eigin reynslu en hann hafði átt í tilfinningasambandi við Mathilde Wesendonk sem var gift kona.

Í *Tristan og Ísold* segir frá hinum unga Tristan sem í orrustu drepur unnusta írsku prinsessunnar Ísoldar. Tristan, sem særðist í bardaganum, fer undir dulnefni til Írlands að leita sér lækninga. Ísold kemst að því hver hann er og hyggur á hefndir en hatrið breytist í ást við fyrstu sýn. Frændi Tristans, Marke konungur, felur honum að biðja Ísoldar fyrir sína hönd. Ísold finnst hún svikin og vill frekar deyja en bindast öðrum en þeim sem hún elskar. Hún manar Tristan til að drekka með sér eitradan drykk sem friðþægingu fyrir dauða unnusta síns. Í vissu um að dauðinn sé að nálgast játa þau hvort öðru ást sína. Drykkurinn reynist þó vera ástarmjödur en ekki eitur. Marke konungi mislíkar svik frænda síns og í bardaga hlýtur Tristan banvænt sár. Ísold hraðar sér á fund síns elskaða og fylgir honum inn í annan heim.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Forleikurinn að *Tristan og Ísold* hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi árið 1952 á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Olavs Kjelland. Síðan þá hefur forleikurinn ásamt Ástardauða Ísoldar verið fluttur sex sinnum, síðast árið 2011 undir stjórn Stefan Solyom.

Bjarni Thor segir um aríu Marke konungs: „Þegar Marke konungur kemst að sambandi Tristans og Ísoldar, beinist reiði hans og vonbrigði fyrst og fremst að Tristan, sem hefur brugðist öllu því trausti sem konungur bar til hans. Ógæfa Markes er fyrst og fremst að glata vininum Tristan frekar en brúðinni Ísold. Auk þess er skömmin og niðurlægingin mikil.“ Forleikur óperunnar og niðurlag, *Ástardauði Ísoldar*, er oft flutt sem eitt verk án söngs og mun Wagner sjálfur hafa átt hugmyndina. Þótt sópranróddina vanti stendur tónlistin algerlega fyrir sínu, þéttofin og ægifögur.

Helgi Jónsson

Mögst du, mein Kind

Úr „Der fliegende Holländer“

Daland:

Mögst du, mein Kind, den fremden
Mann willkommen heißen,
Seemann ist er, gleich mir, das Gastrecht
spricht er an.
Lang ohne Heimat, stets auf fernen, weiten
Reisen,

in fremden Landen er der Schätze viel gewann.

Aus seinem Vaterland verwiesen,
für einen Herd er reichlich lohnt!
Sprich, Senta, würd es dich verdrießen,
wenn dieser Fremde bei uns wohnt?

(sich zum Holländer wendend)

Sagt, hab' ich sie zuviel gepriesen?
Ihr seht sie selbst — ist sie Euch recht?
Soll ich von Lob noch überfließen?
Gesteht, sie zieret ihr Geschlecht!

(Der Holländer macht eine Bewegung des Beifalls.)

(wendet sich wieder zu Senta)

Mögst du, mein Kind, dem Manne
freudlich dich erweisen!
Von deinem Herzen auch
spricht holde Gab' er an;
reich ihm die Hand, denn Bräutigam
sollst du ihn heißen;
stimmst du dem Vater bei,
ist morgen er dein Mann.

Sieh dieser Band, sieh diese Spangen!
Was er besitzt, macht dies gering.
Muß, teures Kind, dich's nicht verlangen?
Dein ist es, wechselst du den Ring.

(Senta, ohne Daland zu beachten, wendet ihren Blick nicht vom Holländer ab, sowie auch dieser nur in Senta's Anblick versunken ist.)

Doch keines spricht ... Sollt' ich hier lästig sein?
So ist's! Am besten laß' ich sie allein.

(Er betrachtet den Holländer und Senta aufmerksam und wendet sich zu Senta.)

Mögst du den edlen Mann gewinnen!
Glaub mir, solch Glück wird nimmer neu.

(zum Holländer)

Bleibt hier allein! Ich geh' von hinnen.
Glaubt mir, wie schön, so ist sie treu!

Richard Wagner

Vilt þú, barnið mitt

Úr „Hollendingnum fljúgandi“

Daland:

Vilt þú, barnið mitt, bjóða þennan ókunna mann
velkominn,
hann er sjómaður eins og ég og fer fram
á rétt gestsins.
Lengi hefur hann ferðast vítt og breitt

án heimilis
og unnið sér marga fjársjóði í ókunnum löndum.

Honum hefur verið vísað frá föðurlandi sínu,
og því launar hann ríkulega fyrir húsaskjól!
Segðu mér, Senta, yrði það þér til skapraunar,
ef þessi ókunni maður byggði hjá okkur?

(snýr sér að Hollendingnum)

Segið mér, hef ég lofað hana um of?
Þér sjáið hana sjálfur — er hún yður að skapi?
Þarf ég að bera á hana lof svo að út af flói?

Viðurkennið að hún er prýði kynsystra sinna!
(Hollendingurinn lætur velþóknun sýna í ljós með hreyfingu.)

(snýr sér aftur að Sentu)

Vilt þú, barnið mitt, vera manni
þessum vinsamleg!
Hann gerir einnig kröfu til einlægrar gjafar
frá hjarta þínu;
réttu honum höndina, því að þú átt
að kalla hann brúðguma;
ef þú ert samhuga föður þínur verður hann
maðurinn þinn á morgun.

Sérðu þetta armband, sérðu þessar spangir!
Þetta fellur þó í skuggann hjá því sem hann á.
Hlýtur það ekki, kæra barn, að vekja löngun þína?
Þú átt það, ef þú skiptir um hring.

(Senta virðir Daland ekki viðlits en tekur ekki augun af Hollendingnum, rétt eins og hann sökkvir sér ofan í að horfa á Sentu.)

En hvorugt segir neitt ... Ætli ég sé til ama?
Það er lóðið! Það er best ég láti þau eftir ein.
(Hann horfir með athygli á Hollendinginn og Sentu og snýr sér að Sentu.)

Megir þú öðlast þennan göfuga mann!
Trúðu mér, slík lukka kemur ekki aftur.

(við Hollendinginn)

Verið hér áfram ein! Ég er að fara.
Trúið mér, hún er jafntrygg og hún er fögur.

Karfreitagszauber

Úr „Parsifal“

Gurnemanz:

Mitleidvoll Duldender,
heilstatvoll Wissender!

Wie des Erlösten Leiden du gelitten,
die letzte Last entnimm nun seinem Haupt!

Du siehst, das ist nicht so.
Des Sünders Reuetränen sind es,
die heut mit heil'gem Tau
beträufet Flur und Au':
der liess sie so gedeihen.
Nun freut sich alle Kreatur
auf des Erlösers holder Spur,
will sein Gebet ihm weihen.

Ihn selbst am Kreuze kann sie nicht erschauen:
da blickt sie zum erlösten Menschen auf;
der fühlt sich frei von Sündenlast und Grauen,
durch Gottes Liebesopfer rein und heil:
das merkt nun Halm und Blume auf den Auen,
dass heut des Menschen Fuss sie nicht zertritt,
doch wohl, wie Gott mit himmlischer Geduld
sich sein erbarmt' und für ihn litt,
der Mensch auch heut in frommer Huld
sie schon mit sanftem Schritt.
Das dankt dann alle Kreatur,
was all' da blüht und bald erstirbt,
da die entsündigte Natur
heut ihren Unschuldstag erwirbt.

Töfrar föstudagsins langa

Úr „Parsifal“

Gurnemanz:

Þú sem hefur þjáðst í meðaumkun,
þú sem þekkir hjálparráðin!
Svo sem þú hefur liðið kvalir hins frelsaða,
léttu nú þannig síðustu byrðinni af höfði hans!

Þú sérð að það er eigi svo.
Það eru iðrunartár syndarans
sem falla í dag sem heilög dökk
yfir velli og engi:
hún hefur látið þau dafna svona.
Nú fagnar allt sköpunarverkið
ástfólgnu merki frelsarans
og vill vígja bæn sína honum.

Það getur eigi litið hann sjálfan á krossinum:
því lítur það til hins frelsaða manns,
hann finnur sig frelsaðan frá syndabyrði og ótta,
hreinan og heilan fyrir kærleiksförn guðs:
Því taka nú grösín og blómin á enginu eftir
að fætur mannsins traðka þau ekki niður í dag,
rétt eins og guð miskunnaði sig yfir hann
með himneskri þolinmæði og þjáðist fyrir hann,
þannig þyrmir maðurinn þeim í dag
af guðrækinni náð með mjúkum skrefum.
Fyrir þetta færir allt sköpunarverkið þakkir,
allt sem blómgast og brátt skal deyja,
því að náttúran, leyst frá allri synd,
öðlast nú í dag sinn sakleysisdag.

Tatest du's wirklich?

Úr „Tristan und Isolde“

Marke:

Tatest du's wirklich?
Wähnst du das?
Sieh ihn dort,
den treuesten aller Treuen;
blick auf ihn,
den freundlichsten der Freunde:
seiner Treue
freiste Tat
traf mein Herz
mit feindlichstem Verrat!
Trog mich Tristan,
sollt' ich hoffen,
was sein Trügen
mir getroffen,
sei durch Melots Rat
redlich mir bewahrt?

Mir dies?
Dies, Tristan, mir? -
Wohin nun Treue,
da Tristan mich betrog?
Wohin nun Ehr'
und echte Art,
da aller Ehren Hort,
da Tristan sie verlor?
Die Tristan sich
zum Schild erkor,
wohin ist Tugend
nun entflohn,
da meinen Freund sie flieht,
da Tristan mich verriet?
*(Tristan senkt langsam den Blick
zu Boden; in seinen Mienen ist,
während Marke fortfährt,
zunehmende Trauer zu lesen)*

Wozu die Dienste
ohne Zahl,
der Ehren Ruhm,
der Größe Macht,
die Marken du gewannst;
mußt' Ehr' und Ruhm,
Größ' und Macht,
mußte die Dienste
ohne Zahl
dir Markes Schmach bezahlen?

Gerðir þú það í raun og veru?

Úr „Tristan og Ísold“

Marke:

Gerðir þú það í raun og veru?
Eða ímyndar þú þér það?
Sjáið hann þarna,
tryggastan allra tryggðabræðra;
horfið á hann,
vingjarnlegastan allra vina:
frjálsasta athöfn
tryggðar hans
hitti hjarta mitt
með fjandsamlegustu svikum!
Ef Tristan sveik mig,
ætti ég þá að vona
að það sem svik hans
hafa skaðað mig
verði heiðarlega bætt mér
með ráðum Melots?

Mér þetta?
Þetta, Tristan, mér?
Hvar finnst nú tryggð,
þegar Tristan sveik mig?
Hvar finnst nú heiður
og ósvikið siðgæði,
þegar gæzlumaður alls heiðurs,
þegar Tristan glataði honum?
Hvert en dyggðin
sem Tristan kaus sér
að skjaldarmerki
nú flúin,
þegar hún hefur flúið vin minn,
þegar Tristan hefur svikið mig?
*(Tristan lýtur smám saman höfði
og horfir til jarðar; í svip hans má
lesa vaxandi hryggð
meðan Marke heldur áfram)*
Til hvers var þjónustan
í ótal efnun,
heiðursfrægðin,
veldi tignarinnar,
sem þú aflaðir Marke;
ef heiður og frægð,
tign og veldi,
þjónustuna
í ótal efnun
verður að gjalda með smán Markes?

Dünkte zu wenig
 dich sein Dank,
 daß was du ihm erworben,
 Ruhm und Reich,
 er zu Erb' und Eigen dir gab?
 Da kinderlos einst
 schwand sein Weib,
 so liebt' er dich,
 daß nie aufs neu
 sich Marke wollt vermählen.
 Da alles Volk
 zu Hof und Land
 mit Bitt' und Dräuen
 in ihn drang,
 die Königin dem Lande,
 die Gattin sich zu kiesen;
 da selber du
 den Ohm beschworst,
 des Hofes Wunsch,
 des Landes Willen
 gütlich zu erfüllen;
 in Wehr wider Hof und Land,
 in Wehr selbst gegen dich,
 mit List und Güte
 weigerte er sich,
 bis, Tristan, du ihm drohtest,
 für immer zu meiden
 Hof und Land,
 würdest du selber
 nicht entsandt,
 dem König die Braut zu frein,
 da ließ er's denn so sein. —
 Dies wundervolle Weib,
 das mir dein Mut gewann,
 wer durft' es sehen,
 wer es kennen,
 wer mit Stolze
 sein es nennen,
 ohne selig sich zu preisen?
 Der mein Wille
 nie zu nahen wagte,
 der mein Wunsch
 ehrfurchtscheu entsagte,
 die so herrlich
 hold erhaben
 mir die Seele
 mußte laben,
 trotz Feind und Gefahr,
 die fürstliche Braut
 brachtest du mir dar.

Þótti þér
 þökk hans of lítil,
 að hann gaf þér
 það sem þú ávannst honum,
 frægð og ríki, til erfða og eignar?
 Þegar kona hans
 hvarf honum barnlaus,
 þá unni Marke þér svo
 að hann ætlaði aldrei
 að kvænast á nýjan leik.
 Þegar öll þjóðin
 í hirð og í sveitum landsins
 brýndi hann með bænum
 og hótunum
 að kjósa sér eiginkonu,
 drottningu yfir landið;
 þá skoraðir þú sjálfur
 á móðurbróður þinn
 að uppfylla vinsamlega
 ósk hirðarinnar
 og vilja landsmanna;
 í vörn gegn hirð og þjóð,
 í vörn jafvel gegn þér,
 færðist hann undan
 með kænsku og góðlyndi,
 þar til þú, Tristan, hótaðir honum
 að forðast að eilífu
 hirð og land,
 yrðir þú ekki
 sjálfur sendur
 til að biðja brúðar fyrir konunginn,
 þá lét hann það loks gott heita. —
 Þessi undursamlega kona,
 sem dirfska þín vann mér,
 hver gæti séð hana,
 hver þekkt hana,
 hver kallað hana sína eigin
 með stolti
 án þess að príska sig sælan?
 Hana sem vilji minn
 vogaði sér ekki að nálgast,
 hana sem ósk mín
 hafði afsalað sér með feiminni lotningu,
 sem svo stórfenglega
 og yndislega tignarleg
 hlaut að svala
 sálu minni,
 þrátt fyrir óvini og hættur,
 hina konunglegu brúður
 færðir þú mér hingað.

Nun, da durch solchen
Besitz mein Herz
du fühlsamer schufst
als sonst dem Schmerz,
dort wo am weichsten,
zart und offen,
würd' ich getroffen,
nie zu hoffen,
daß je ich könnte gesunden:
warum so sehrend,
Unseliger,
dort nun mich verwunden?
Dort mit der Waffe
quälendem Gift,
das Sinn und Hirn
mir sengend versehrt,
das mir dem Freund
die Treue verwehrt,
mein offnes Herz
erfüllt mit Verdacht,
daß ich nun heimlich
in dunkler Nacht
den Freund lauschend beschleiche,
meiner Ehren Ende erreiche?
Die kein Himmel erlöst,
warum mir diese Hölle?
Die kein Elend sühnt,
warum mir diese Schmach?
Den unerforschlich tief
geheimnisvollen Grund,
wer macht der Welt ihn kund?

Richard Wagner

Nú, þegar þú hefur
fyrir tilstilli slíkrar auðlegðar
gert hjarta mitt næmara
en áður fyrir sársauka,
þar sem ég er viðkvæmastur,
meyr og óvarinn,
væri ég hæfður,
svo að ég gæti ekki vænzt
að geta nokkru sinni læknazt:
hvers vegna gaztu sært mig,
þú óheillamaður,
svo nístandi einmitt þar?
Þar veldur það með
kvalafullu eitri vopnsins
hug mínum og heila
sviðandi sársauka,
það aftrar mér frá að sýna
vini mínum traust,
opið hjarta mitt
fyllist grunsemdum,
svo að ég læðist nú
laumulega um dimma nótt
að vininum til að standa á hleri
og fyrirgeri heiðri mínum?
Hví má ég þola þetta víti,
sem engin himnavöld leysa mig frá?
Hví má ég þola þessa smán,
sem engin þjáning getur friðþægt fyrir?
Þessa órannsakanlega djúpu
leyndardómsfullu orsök,
hver kunngerir hana veröldinni?

Íslensk þýðing Reynir Axelsson

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

6. júní 2013

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Martin Frewer
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Mark Reedman

2. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir
Roland Hartwell
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Greta Salome Stefánsdóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Ásdís Runólfsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður A. Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau
Gillian Haworth

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Grimur Helgason
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Sturlaugur Jón Björnsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Halldór Finnsson
Ingibjörg Guðlaugsdóttir
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson



ENNEMM / SJIA / NM64421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS